

Kennsluáætlun í íslensku skólaárið 2022-2023

1. - 3. bekkur

Kennari: Jóna Lára Sveinbjörnsdóttir

Samkvæmt Aðalnámskrá skiptist íslenskunámið í eftirfarandi þætti: talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfraeði. Íslenska er samþætt við samfélags- og náttúrufræðigreinar og skarast þessir þættir í fjölmörgum verkefnum. Einnig eru mörg viðfangsefni íslenskunnar óhjákvæmilega og mikilvæg viðfangsefni í fleiri námsgreinum.

Íslenskukennsla í 1.-3. bekk Grunnskóla Öfundarfjarðar tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem settu eru fram í Aðalnámskrá við lok 4. bekkjar. Stuðst er að einhverjum hluta við hugmyndir Byrjendalæsis í samblandi við aðrar fjölbreyttar kennsluaðferðir þar sem samþætting tals, hlustunar, lesturs og ritunar er grundvöllur árangurs. Kennslan er einstaklingsmiðuð með áherslu á hlutbundið nám og eru leikir og spil mikið nýtt sem kennsluaðferð með það að markmiði að vekja áhuga nemendanna og gera íslenskuna að lifandi námsefni. Mismunandi leiðir eru farnar að markmiðum Aðalnámsskrár sem taka mið af áhugasviði og þroska nemandans.

Námsmat: Sjálfsmat og kennaramat út frá markmiðum. Námsmatið tengist lykilhæfni Aðalnámsskrár og byggist m.a. á virkni, vinnibrögðum, færni, skilningi og einbeitingu nemenda. Símat, endurgjöf og eftirfylgni.

Unnið er markvisst með samskipti, samvinnu og virðingu í garð annarra í öllum námsgreinum.

Talað mál, hlustun og áhorf

- Beitir skýrum og áheyrilegum framburði
- Getur tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu
- Getur sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á og lesið
- Getur hlustað og horft með athygli á upplestur, leiðkið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni
- Getur nýtt sér og endursagt efni á rafrænu form
- Á góð samskipti, hlustar og sýnir kurteisi

Leiðir að markmiðum:

- Nemendur fá tækifæri til samræðu, að lesa upphátt, segja frá, hlusta á lesið eða leikið efni, að leika, endursegja og segja frá eigin reynslu og upplifunum.

Lestur og bókmenntir

- Beitir aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr
- Nýtir góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi
- Tengir þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess
- Getur valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings
- Les ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum
- Getur beitt hugtökum eins og persónu, sögupræði, umhverfi og boðskap
- Getur aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu form
- Getur lesið úr tákmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum
- Getur valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.

Leiðir að markmiðum:

- Hljóðalestur tekinn upp og greindur
- Heimalestur, yndislestur, paralestur, samlestur
- Fjölbreytt lestrarkennsluverkefni.
- Lesskilningur þjálfaður
- Aðgangur að fjölbreyttu lesefni.
- Beitt hugtökum eins og persónu, sögupræði, umhverfi og boðskap
- Ljóðavinna
- Aflað sér upplýsinga úr bókum, blöðum og af netinu
- Kortalestur
- Leiðbeiningalestur
- Samræður um lesefni

Ritun

- Dregur rétt til stafs og skrifar skýrt og læsilega
- Nýtir í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi
- Getur samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð
- Getur beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi
- Getur nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis
- Getur skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu
- Getur skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda

Leiðir að markmiðum:

- Nemendur vinna fjölbreytt verkefni sem reyna á ritun. Bæði verkefni sem tengjast skrift og verkefni sem tengjast því að semja eigin texta.
- Nemendum gefin tækifæri til að deila eigin textum með öðrum.
- Stafadráttur þjálfaður á fjölbreyttan hátt
- Vinna í Word
- Nemendur fá tækifæri til að vinna með ritun á skapandi hátt
- Snjalltæki notuð í skapandi skrifum

Málfræði

- Getur beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska
- Getur þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein
- Raðar í stafrófsröð og getur gert grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag
- Gerir sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða
- Getur leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu
- Getur búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta
- Getur greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta
- Getur leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki
- Gerir sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði

Leiðir og viðfangsefni:

- Unnið er með tungumálið á fjölbreyttan hátt í markskonar aðstæðum.
- Stafainnlögn og hljóðagreining
- Unnið með stafrófið bæði á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt.
- Fjölbreytt og skapandi ritunarverkefni
- Orðfloknaverkefni
- Sögulestur
- Orð vikunnar - orðaforðavinna
- Orðavinna-margræð orð
- Málfræðiverkefni, spil og leikir.
- Fjölbreytt orðavinna
- umræður, innlögn og hugstormun
- námsfélagar
- samvinnunám